



Gátlisti fyrir viðarparket

- Áður en viðarparket er lagt þarf það að standa að lágmarki 24 klukkustundir við eðlilegan stofuhita.
- Sé gólfhiti til staðar skal leggja þolplast (0,2 mm þykkt) á gólfið áður en undirlagið er lagt.
- Rakamæla skal gólfplötuna ef um nýbyggingu er um að ræða. Rakastig í gólfplötu má að hámarki vera 4% áður en viðarparket er lagt á gólfið.
- Þennslurauf upp við vegg skal vera 10 mm samkvæmt ráðleggingum framleiðanda.
 - Ef verið er að leggja á mjög stóran samfelldan flöt skal ráðfæra sig við sérfræðing í parketlögnum varðandi þennslubil.
- Þar sem gólfhiti er til staðar má hitastig á yfirborði vera 27 gráður að hámarki.
- Þegar gólfhiti er hækkaður skal hækka hitastig sem nemur 5 gráðum á sólarhring þar til réttu hitastigi hefur verið náð svo framarlega að yfirborðshitastig fer ekki yfir 27 gráður.
- Olúborin viðargólf þarf að olúbera strax eftir að parketið hefur verið lagt og í framhaldi á u.þ.b. árs fresti.
- Viðhald:
 - Eingöngu má nota parketsápur sem innihalda engin akríl- eða bónefni.
 - Moppuklútar sem innihalda fitu má alls ekki nota á lökkuð gólf.
 - Við þrif á olúbornu viðarparketi er mælt með að nota sápu með olíu í.
 - Olúborin viðargólf þarf að jafnaði að olúbera einu sinni á ári en er þó háð notkun á gólfinu.
- Frekari upplýsingar er að finna í bækling sem fylgir hverjum parketpakka og jafnframt á heimasíðu Kährs www.kahrs.com